



# Hestamannafélagið Glaður

## Stjórnar- og skemmtinefndarfundur 26. febrúar 2008

*Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:*

Fundur stjórnar Glaðs ásamt skemmtinefnd, haldinn á Hrappsstöðum  
26. febrúar 2008.

Mættir úr stjórn: Viðar, Valberg, Guðbjörn, Eyþór, Svala og Þórður.  
Mættir úr skemmtinefnd: Sigurður Hrafn og Skjöldur Orri.

1. Reiðhöll.

Valberg greindi frá fundi þriggja stjórnarliða með landbúnaðarráðherra. Einnig var greint frá ferð Glaðsfélaga suður á land þar sem skoðaðar voru reiðhallir. Samþykkt að ráðast í byggingu húss sem verður 21 x 47 m að utanmáli. Ákveðið að panta slíkt hús og að láta teikna það. Búið er að sækja um lóð undir húsið.

2. Árshátíð.

Stefnt er að því að árshátíðin verði haldin 29. mars. Stjórn mun vinna með skemmtinefnd að málinu.

3. Styrkur Menningarráðs Vesturlands.

Félaginu var úthlutaður styrkur að upphæð kr. 150.000 til skráningar á sögu félagsins.

Fundi slitið,

*Þórður Ingólfsson (sign)*

*Skjöldur Orri Skjaldarson (sign)*

*Valberg Sigfússon (sign)*

*Eyþór J. Gíslason (sign)*

*Sigurður Hrafn Jökulsson (sign)*

*Guðbjörn Guðmundsson (sign)*

*Svala Svavarsdóttir (sign)*

*Viðar Þór Ólafsson (sign)*